



NÁTTÚRUFÉLAGIÐ
VESTRÍÐ

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning vegna
Selfosslínu 1*

Atli Rúnarsson

Júlí 2026

NV nr. 12-26

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Júlí 2026
Skýrsla nr: NV nr. 12-26	Verknúmer: 744	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna Selfosslínu 1		Unnið fyrir: Landsnet
Höfundur: Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Atli Rúnarsson
ÚTDRÁTTUR Að beiðni Landsnets gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna breytinga á Selfosslínu 1. Leggja á línuna í jörð í stað loftlínu frá Selfossi vestur yfir Ölfusá. Alls voru tvær minjar skráðar og teljast þær báðar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirfarið af:

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Skráningarsvæðið	4
3.	Aðferðarfræði	5
3.1	Tilgangur fornleifaskráningar	5
3.2	Skráning fornleifa	6
3.3	Hættumat	6
4.	Saga Hellis	8
5.	Fornleifaskrá	9
6.	Niðurstöður fornleifaskráningar	11
6.1	Niðurstöður vegna framkvæmdar	11
7.	Heimildaskrá	13
8.	Hnitaskrá	13
9.	Kort	14


1. INNGANGUR

Að beiðni Landsnets gerði fornleifadeild Náttúrustofa Vestfjarða fornleifaskráningu vegna Selfosslínu 1. Til stendur að leggja línuna í jörð í staðinn fyrir loftlínu. Sá hluti línunnar sem fjallað er um í þessari skýrslu um 1,6 km langur og er allur í landi Hellis.

Svæðið hafði verið skráð þrisvar sinnum áður:

- *Fornleifaskráning í Helli, Ölfushreppi* var gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2004.¹
- *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1* var gerð af Byggðasafni Árnesinga árið 2008.²
- *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III* var gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2020.³

Vettvangsvinna fór fram þann 2. júlí og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins er merkt með gulum punkt.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið var frá þar sem verið er að reisa brú yfir Ölfusá og lá norður framhjá Hellisskógi, skógræktarsvæði í landi Hellis. Svæðið var samtals um 1,6 km langt og 30 m breitt og var það því um 4,8 ha að stærð, sjá mynd 1. Svæðið var allt innan lands Hellis.

¹ Sjá: Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004

² Sjá: Edda Linn Rise, Guðlaug Vilbogadóttir, Kristín Erla Þráinsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2008

³ Sjá: Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Stefán Ólafsson, Gylfi Björn Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir & Hrönn Konráðsdóttir, 2020

3. AÐFERÐARFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir jarðarinnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Rætt var við Örn Óskarsson, formann Skógræktarfélags Selfoss, sem er mjög staðkunnur á svæðinu og veitti hann upplýsingar um þær minjar sem var að finna á svæðinu. Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar með Juniper Archer 2 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29 júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin í skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16.gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. Grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast til hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða

framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24.gr.)

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 Skráning fornleifa

Skráning fornleifa var gerð eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.⁴ Verkefnanúmeri var úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið **3601** og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: *3601-001*.

3.3 Hættumat

Samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands ber að gera hættumat á þeim minjum sem skráðar eru. Því mati er skipt í tvennt: viðvarandi hættumat og hætta vegna tilefnis. Viðvarandi hættumat á við um þá hættu sem staðar að minjum óháð tímabundnum aðstæðum, eins og t.d. vegagerðar eða veitulagna og á því eru þrjú stig, sjá töflu 1.

Tafla 1. Þrjú stig hættumats og skilgreining þeirra.

Hættumat	Skilgreining
Engin hætta	Minjar eru ekki í neinni augljósri eða viðvarandi hættu.
Hætta	Minjar eru á athafnasvæði eða rofsvæði þar sem fyrirsjáanleg hætta er á röskun.
Mikil hætta	Minjar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Brýnt er að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir frekari röskun.

Hætta vegna tilefnis er tímabundin hætta sem staðar að minjum vegna t.d. framkvæmda, skógræktar eða náttúruvár, sjá töflu 2. Hér er matið öðruvísi en þegar kemur að minjum í viðvarandi hættu. Ekki er metið hvort minjar séu í lítilli eða mikilli hættu heldur er einungis metið hvort tilefni skráningarinnar geti haft áhrif á minjastaði. Mat á þessari hættu getur verið mismunandi, t.d. ef einungis mörk deiliskipulags liggja fyrir eru allar minjar innan

⁴ Sjá: Margrét Valmundsdóttir, Oddgeir Isaksen og Ómar Valur Jónasson, 2026

skipulagsreitsins skráðar í hættu en ef nákvæmari gögn eru til staðar, eins og t.d. byggingarreitir, slóðar og vegir, er hættan skráð eftir þeim.

Tafla 2. Skilgreining á skráningu hættu vegna tilefnis

Hætta vegna tilefnis	Skilgreining
Engin hættu	Minjar eru ekki í hættu vegna skráningartilefnis.
Vegna efnistöku	Minjar eru í hættu vegna grjótnáms eða annarar efnistöku.
Vegna framkvæmda	Minjar eru í hættu vegna framkvæmda utan efnistöku, skógræktar, veitulagna eða vegagerðar, t.d. vegna virkjana, hafnargerðar eða breyttrar landnotkunar (golfvöllir, lóðir o.fl.).
Vegna náttúruvár	Minjar eru í hættu vegna yfirvofandi eða yfirstandandi náttúruvár, t.d. jarðskjálfta eða hraunflæðis.
Vegna skógræktar	Minjar eru í hættu á skógræktarsvæðum eða svæðum þar sem skógrækt er fyrirhuguð.
Vegna vegagerðar	Minjar eru í hættu vegna vegagerðar eða þar sem þær liggja í eða við fyrirhugaða veglínu.
Vegna veitulagna	Minjar eru í hættu vegna fyrirhugaðra veitulagna (ljósleiðarar, rafmagnsstrengir o.þ.h.) eða þar sem má vænta rasks í tengslum við lagningu þeirra.

Er þessu skipt í þessa tvo flokka vegna þess að skráning minja er hugsuð til frambúðar og samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands skal hún ekki vera lituð af áhrifum tímabundinna aðstæðna.⁵

Í 22. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Það er ávallt í höndum Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort ráðast þurfi í einhverjar mótvægisáðgerðir ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda. Þær mótvægisáðgerðir geta verið frekari rannsóknir, tillaga að friðlýsingu eða hvort fornleifar megji víkja og þá með hvaða skilmálum.

⁵ Margrét Valmundsdóttir, Oddgeir Isaksen og Ómar Valur Jónasson, 2026, bls. 11


4. SAGA HELLIS

Ekki er minnst á Helli fyrr en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var árið 1706. Þar var sagt að Hellir hafi byggst upp úr Fjalli, dýrleiki jarðarinnar var sex hundruðir og áttatíu álnir. Landskuldin var tuttugu álnir og var hún greidd í fríðu eða landaurum innsveitis. Leigukúgildin voru engin næstu fimm ár en voru áður tvö en þá fór Hellir í eyði. Leigur voru áður greiddar í smjöri. Túnið spilltist af steinum sem féllu úr grjótklettum eða sem stóðu nú þegar á túninu. Hellir átti engjar um Laugarbakka en þær spilltust þó árlega af fólki sem átti ferð um svæðið til að ferðast með Laugardælaferju. Jörðin átti eggjatak í hólma við Ölfusána.⁶

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 var sagt að hellir væri í bændaeygn, dýrleikinn var 15 hndr., landskuldin 0,50, kúgildin voru 3 og ábúendur voru 1 eigandi að 3 hlutum.⁷

Á túnakorti Hellis frá 1920 segir að túnin hafi verið 3,8 ha og þar af var ca. $\frac{2}{3}$ slétt. Matjurtagarðar voru 585 m².⁸

Í örnefnaskrá Hellis segir að Hellir hafi byggst úr Fjalls landi og landamerkin voru: „Að austanverðu er varða á Fjallstóttum, úr þeirri vörðu ræður sjónhending í Mígandapúfu, frá Mígandapúfu ræður Hellisgil fram í Ölfusá, svo ræður Ölfusá vestur í mynnið á svonefndu Markagili; þaðan í Markhól, sem er á vesturbakka gilsins. Úr Markhól ræður sjónhending gegnum Flagið fyrir austan Einbúa upp í Markastein, sem er fyrir neðan veginn upp við Ingólfsfjall, og þaðan upp í Hamarinn fyrir vestan Eyðihvamm.“⁹



Mynd 2. Túnakort Hellis frá 1920.

⁶ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1980, bls. 392

⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 74

⁸ Túnakort – Hellir, 1920

⁹ Örnefnaskrá - Hellir og Fossnes

5. FORNLEIFASKRÁ

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Hellir	Hellir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	2.7.2026	402265	385240
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Náma	Mógrafir	Efnistaka og nýting
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3601-001	1550 - 1900	 Mynd 3. Horft SV yfir mógrafir [3601-001].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
-	-		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna skógræktar		
Lýsing			
Í Sögu Selfoss segir: „Norðaustur af þeim eru Móhólar, tvær litlar bergþúfur þar sem mórinn var þurrkaður sem stunginn var austur í Hellisgili.“ Mógrafir sem eru að mestu grasivaxnar. Þær voru greinanlegar á um 52 m kafla en gætu verið lengri, trjágróður er farinn að skyggja á þær. Grafirnar eru mjög blautar og yngri stig þeirra enn full af vatni. Lengd þeirra, eins og þær voru mældar, er um 52 m og mesta breidd er um 9 m. Mógrafirnar voru skráðar af Fornleifastofnun Íslands ses. árið 2004 en þá var gróðurinn ekki kominn svona nálægt þeim og voru þær töluvert greinanlegri.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 4. Uppmæling af mógröfum [3601-001].		Fast suðvestan við Hellisgil.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 23 Saga Selfoss I: Frá landnámi til 1930, 1991, bls. 31	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Hellir	Hellir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	2.7.2026	402187	384461
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Hellisbrú	Gata	Leið	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3601-002	1550 - 1900	 Mynd 5. Horft NV eftir Hellisbrú [3601-002].	
Vegghæð	Veggjabykk		
-	-		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Í Sögu Selfoss segir: „Um Hellismýri liggur forn vegur frá fjalli að ferjustað. Var hann kallaður Hellisbrú og var í þremur hlutum milli holta, og sér hennar enn vel stað. Efsti hluti hennar liggur frá fjallinu við Blákoll og kallast Brúarendi og lá fyrst í Miðaftansholt. Þaðan í Stekkjarholt með spotta þaðan austur að Helli. Úr stekkjaholti lá vegurinn í Hádegisholt og úr því í Hellisholt og komið þar að ánni við Kallþúfu. Þar blasti ferjustaðurinn við og þaðan var ferjan kölluð.“ Í örnefnatali Hellislands frá 1931 segir: „Hellisbrú var vanalega kallaður sá vegur, sem lá frá Ingólfsfjalli og niður að ferjustaðnum. Er brúin í þremur bútum og holt á milli þeirra.“ Sá hluti Hellisbrúar sem lenti innan skráningarsvæðisins var upphækkaður og lá í mýri. Búið er að dreifa viðarkurli yfir leiðina til að gera hana greiðfærari. Hér var leiðin allt að 1,5 m breið og hún var mæld á um 560 m kafla.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 6. Uppmæling af Hellisbrú [3601-002].		Sá hluti leiðarinnar sem var mældur liggur í SA frá Einholti, meðfram skógarjaðrinum og að bílastæði sem hefur verið gert við leiðina, samtals um 560 m kafla.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2004, bls. 20 Saga Selfoss I: Frá landnámi til 1930, 1991, bls. 30-31	

6. NIÐURSTÖÐUR FORNLEIFASKRÁNINGAR


Alls voru tvær minjar skráðar innan skráningarsvæðisins og voru þær báðar á jörð Hellis, voru það mógrafir [3601-001] og Hellisbrú [3601-002] sem er upphlaðinn vegur sem liggur í þremur bútum á milli holta frá Ingólfsfjalli að ferjustaðnum við Ölfusá.

6.1 Niðurstöður vegna framkvæmdar


Báðar minjarnar sem skráðar voru teljast í hættu vegna fyrirhugaðrar strenglagnar á svæðinu, sjá myndir 7 og 8. Fyrirhuguð strenglögn myndi fara í gegnum syðri hluta mógrafa [3601-001] og hún myndi þvera Hellisbrú [3601-002].

Hægt væri að hliðra lagnaleiðinni til suðurs til að komast framhjá mógröfum [3601-001]. Erfiðara er að sjá hvernig hægt væri að hlífa Hellisbrú [3601-002] við raski þar sem strenglögnin myndi þvera leiðina sem heldur áfram í um 370 m í NA og um 190 m í SV.

Ákvarðanir um mótvægisaðgerðir eru ávalt í höndum Minjastofnunar Íslands og eins er vert að minna á að ef áður óþekktar minjar finnast við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdina strax og tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem mun taka ákvörðun um framhaldið.



Mynd 7. Strenglögnin mun koma til með að liggja yfir mógrafir [3601-001].



Mynd 8. Strenglögnin mun koma til með að liggja yfir Hellisbrú [3601-002].

7. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1980). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Árnessýsla*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2004). *Fornleifaskráning í Helli, Ölfushreppi. FS248-04121*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Edda Linn Rise, Guðlaug Vilbogadóttir, Kristín Erla Þráinsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2008). *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1. 2008/2*. Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga.

Eva Kristín Dal & Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2015). *Friðlýstar minjar á Suðurlandi: Skráningarátak. FS570-14171*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. (29. júní 2012).

Margrét Valmundsdóttir, Oddgeir Isaksen og Ómar Valur Jónasson. (2026). *Skráningarstaðlar. Staðlar fyrir skráningu fornleifa*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Stefán Ólafsson, Gylfi Björn Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir & Hrönn Konráðsdóttir. (2020). *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III. Fyrri bindi. FS789-12023*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Saga Selfoss I: Frá landnámi til 1930. (1991). Selfoss: Selfosskaupsstaður.

Örnefnaskrá - Hellir og Fossnes. (án dags.). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnatal í Hellislandi 1931. (án dags.). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn

Örn Óskarsson – Formaður Skógræktarfélags Selfoss

Óútgefnar heimildir

Túnakort – Hellir. (1920).

8. HNITASKRÁ

Nr.	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Viðvarandi hætta	Hætta vegna tilefnis	Eastings (ISN93)	Northings (ISN93)
3601-001		náma	mógrafir	vel greinanlegar	hætta	vegna skógræktar	vegna veitulagna	402265	385240
3601-002	Hellisbrú	gata	leið	vel greinanlegar	engin hætta		vegna veitulagna	402187	384461

9. KORT



